

AUGLÝSING

um deiliskipulagstillögur í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

Deiliskipulag ferðamannaáðstöðu við Langasjó.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 20 m² snyrtihúsi, tjaldsvæði, upplýsingaskiltum og bílastæðum. Aðkoma verður um Fjallabaksveg nyrðri nr. 208 og veg að Langasjó nr. F235.

Deiliskipulag við Eldgjá.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 11 m² viðveruhúsi fyrir landverði, göngubrú yfir Nyrðri-Ófæru, útsýnispöllum við Eldgjá og gervigíg, upplýsingaskiltum, tanki fyrir neysluvatn, rotþró, að 6 m² snyrtihús verði flutt innan svæðisins og göngustígur við Eldgjá verður endurbyggður.

Deiliskipulag við Eldhraun.

Í deiliskipulaginu felst að á 0,3 ha svæði við Þjóðveg 1 er gert ráð fyrir bílastæðum, göngustíg, útsýnispalli, upplýsingaskiltum ásamt salernisuppbyggingu.

Vik, 17. mars 2014.

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Vigfús Þór Hróbjartsson,
fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2014